



Alvarlegt umferðarslys 27. september 2010

Vegamót Suðurlands- og Dyrhólavegs
Hliðarárekstur tveggja bifreiða

Lýsing á slysi

Erlendur ferðamaður ók Pajero jeppabifreið áleiðis Dyrhólaveg að vegamótum við þjóðveg 1 með two farþega. Á sama tíma var Dodge pallbifreið með eftirvagn ekið áleiðs austur Suðurlandsveg að vegamótunum. Í þeirri bifreið var einn farþegi auk ökumanns. Ökumaður Pajero bifreiðarinnar veitti vegamótunum ekki eftirtekt og ók inn á þau beint í veg fyrir pallbifreiðina. Biðskylda er á Dyrhólavegi. Lenti pallbifreiðin á vinstri afturhurð og afturbretti Pajero bifreiðarinnar. Við áreksturinn köstuðust báðar bifreiðarnar út af veginum norður fyrir Suðurlandsveg, en eftirvagninn slitnaði aftur úr pallbifreiðinni og stöðvaðist sunnan megin vegarinn. Farþegi, sem sat í hægra aftursæti Pajero bifreiðarinnar, slasaðist alvarlega í árekstrinum.

Bjart var, engin ofankoma og vegurinn þurr en talsverður vindur. Rétt við vegamótin eru nokkur stór skilti og þrenging á veginum vegna grindarhliðs. Annað grindarhlið er svo norðan vegamótanna sem eru kross vegamót. Ökumaður Pajerobifreiðarinnar bar því við að hann hafði verið að fylgjast með grindarhliðunum tveimur sitt hvoru megin vegamótanna auk skilta sem við veginn standa. Því hafi hann ekki veitt biðskyldumerkinu eftirtekt og ekki tekið eftir því að hann var að koma að vegamótum.



Mynd 1: Mynd tekin í akstursstefnu Pajero bifreiðarinnar rétt fyrir vegamótin.
Myndin er tekin daginn eftir slysið en engin ofankoma var þegar slysið átti sér stað og vegurinn þá þurr.

Veður:

Engin ofankoma,
meðal vindur og
bjart.

Vegur:

Purtt yfirborð.
Bundið slitlag.
Hámarkshraði 90
km/klst.
Meðaltalsumferð á
sólahring 671
ökutæki á þjóðvegi
1og um 230 á
Dyrhólavegi.

Tími sólarhrings:
Dagur.

Ökutæki:
Mitsubishi Pajero og
Dodge pallbifreið
með eftirvagn.

Allir farþegar og ökumenn í báðum bifreiðunum voru spenntir í öryggisbelti og öryggispúðar sprungu út. Ökumaður og farþegi í pallbifreiðinni hlutu mar og eymsli, m.a. eftir öryggisbeltið. Ökumaður og farþegi í framsæti Pajerobifreiðarinnar hlutu lítil meiðsli í slysinu en farþegi sem sat í aftursæti hægra megin hlaut mjög alvarlega fjöláverka.

Orsakagreining

- Ökumaður Pajero bifreiðarinnar ók í veg fyrir pallbifreiðina
- Þrengingar og grindarhlíð á Dyrhólavegi, auk stórra skilta sem eru við vegamótin, dreifðu athygli ökumannsins frá biðskyldumerki

Tillaga í öryggisátt

Um Dyrhólaveg aka margir ferðamenn sem oft eru lítt staðkunnugir. Þarna liggar þjóðvegurinn í vinstri beygju fyrir umferð austur og er þverhalli hans þannig að vegurinn er ógreinilegri fyrir umferð af Dyrhólavegi en ella. Auk þess eru bæði nokkur stór skilti við vegamótin sem og umræddar þrengingar og grindarhlíð sem í þessu tilfelli virðast hafa dreift athygli ökumannsins þannig að hann veitti vegamótunum ekki eftirtekt. Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til Vegagerðarinnar að setja upp betri merkingar á vegamótum Dyrhólavegar og Suðurlandsvegar ökumönum til varnaðar.

13.1.2011
Rannsóknarnefnd umferðarslysa